

Nd.

392. Breytingartillaga

[3. mál]

við frv. til 1. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr. orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Læknamiðstöð er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknar, þar af minnst einn héraðslæknir.

Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Áður en ákveðið er að stofna læknamiðstöð, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutað-

eigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Nú hefur læknamiðstöð verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsgr. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. fyrstu málsgr. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar málsgr. gildir einnig, þegar svæði læknamiðstöðvar er stækkað.

Læknamiðstöð skal að jafnaði vera aðsetursstaður lækna þeirra, er gegna störfum við stöðina. Til læknamiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður að tillögu landlæknis og að fenginni umsögn Læknafélags Íslands, hve margir héraðslæknar og/eða aðrir læknar skuli starfa við læknamiðstöð. Um skipun héraðslækna fer samkv. 5. gr., en stjórn læknamiðstöðvar ræður aðra lækna að stöðinni.

Kostnaður við byggingu starfshúsnædis fyrir læknamiðstöð og íbúðir héraðslækna, sem starfa við stöðina, greiðist samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga. Þó skal kostnaður, sem leiðir af stofnun læknamiðstöðvar, sem tekur yfir tvö eða fleiri læknishérað samkv. 1. gr., greiddur að fullu úr ríkissjóði. Nú óska hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því, að fleiri læknaðar en ráðherra hefur ákveðið, sbr. 5. mgr., starfi við læknamiðstöð, og bera þá sveitarfélög ein kostnað af aukningu á húsakynnum, sem af slikri læknafjölgun leiðir.

Nú er ekki til héraðslæknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð, sem tekur yfir tvö eða fleiri héruð, er sett á stofn, og fer þá um kostnað við byggingu einnar héraðslæknisbúðar samkvæmt almennum ákvæðum sjúkrahúsalaga. Byggingsar og búnaður, sem er í eigu einstakra læknishéraða, þar sem læknamiðstöð er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknamiðstöðvar, annar en laun héraðslækna, greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda, hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Nú fer fram í læknamiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer þá um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi samkv. þeim lögum.

Í stjórn læknamiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn eða sveitarstjórn, ef læknamiðstöð nær aðeins yfir eitt læknishérað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu áliði hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tiðni slikra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis samkv. taxta, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slikrar þjónustu eins og um læknamiðstöð væri að ræða.

Nánari ákvæði um tilhögun og starfsemi læknamiðstöðva skal setja í reglugerð.